

## **Endurrit úr dómabók Áfrýjunardómstóls ÍSÍ.**

Ár 2003, mánudagurinn 25. ágúst kl. 16:00 kom dómstóllinn (Áfrýjunardómstóll ÍSÍ) saman á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal í Reykjavík.

Mættir voru þessir dómendur:  
Gestur Jónsson, dómsforseti í þessu máli  
Björgvin Þorsteinsson og  
Snorri Olsen.

Tekið er fyrir:

### **Mál nr 3/2003: Knattspyrnudeild UMFB gegn Boltafélagi Ísafjarðar**

Lögð eru fram þessi gögn:

- Nr. 1 Áfrýjun dags. 30.07.03.
- Nr. 2 Dómur Áfrýjunardómstóls KSÍ frá 03. 07.03, ásamt fylgiskjöllum.

Dómendur kynntu sér áfrýjunarskjal, kröfur og rökstuðning sem þar kemur fram, sem og dóm Áfrýjunardómstóls KSÍ frá 03.07.03 auk fylgiskjala.

Dómendur eru sammála um að úrlausn ágreiningsefnisins hafi ekki almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Ber því að vísa málinu frá Áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

### **Dómsorð:**

Málinu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Gestur Jónsson (sign)  
Björgvin Þorsteinsson (sign)  
Snorri Olsen (sign).

Rétt endurrit staðfestir,  
Skrifstofa ÍSÍ, 25. ágúst 2003.